



## BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2018

[oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)

### KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2018

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á vorönn 2018. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og verðum með tvo tíma í kvikmyndafræðum fyrir miðstig og efsta stig grunnskóla þar sem við könnum kvikmyndasöguna, fjöllum um hvað er kvikmynd og hvernig við lesum hana með ótal vísunum í kvikmyndasöguna.

Í vor er mikið úrval fyrir öll stig grunnskóla og tveir þekktir einstaklingar í íslenskri kvikmyndagerð munu vera viðstaddir sýningar og svara spurningar að þeim loknum. Það er Grímur Hákonarson sem mun segja frá myndi sinni, Hrútar, og Valdís Óskarsdóttir sem klippti Festen. Auk þess er í deiglu að fá fulltrúa frá Íslenska dansflokknum í tengslum við sýningu á Billy Elliot. Við vekjum jafnframt athygli á sýningu á myndinni The Rosa Parks Story, svo nemendur geti fræðst um þessa merkilegu konu sem breytti gangi sögunnar þegar hún neitaði að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni. Nemendur í ensku fá skemmtilega innsýn í frægasta leikrit Shakespeare, Rómeó og Júlíu í nútímabúningi og hina merkilegu sögu stjarnvísinda- og eðlisfræðingsins Stephen Hawking.

Við verðum aftur með bíóklassík og bjóðum upp á Jaws frá 1975, þar sem farið verður ítarlega í kvikmyndatökuna sem skipti sköpum á þeim tíma þótt hákarlinn sé orðinn er býsna gervilegur með árunum.

Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)





# KVIKMYNDAFRÆÐSLA FYRIR BÖRN OG UNGLINGA VORIÐ 2018

## Í BÍÓ PARADÍS

1. MJALLHVÍT – 1.-4. bekkur
2. RATATOUILLE – 1.-4. bekkur
3. THE ROSA PARKS STORY – 6.-10. bekkur
4. HRÚTAR – 8.-10. bekkur
5. FANTASTIC MR. FOX – 3.-5. bekkur
6. E.T. – 5.-7. bekkur
7. JAWS -10. bekkur
8. THE THEORY OF EVERYTHING– 8.-10. bekkur
9. FESTEN – 9.-10. bekkur
10. BILLY ELLIOT 6 – 8. bekkur
11. RÓMEÓ OG JÚLÍA – 8.-10. bekkur
12. AUSTANVINDUR – 6.-9. bekkur
13. HVAÐ ER KVIKMYND – 5.-10. bekkur



Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)



## MJALLHVÍT



**TEGUND OG ÁR:** Teiknimynd, ævintýramynd, tónlistarmynd, 1937

**LENGD:** 83 MIN

**LAND:** BRETLAND, BANDARÍKIN

**LEIKSTJÓRI:** Brad Bird, Jan Pinkava

**Aðalhlutverk:** Brad Garrett, Lou Romano, Patton Oswalt.

**Tungumál:** Íslenskt tal

Allir þekkja ævintýrið um Mjallhvíti og dvergana sjö, en sagan er til í mörgum mismunandi útgáfum. Mjallhvít er upprunalega þjóðsagnapersóna sem er þekkt úr ýmsum ævintýrum frá Mið-Evrópu, þar á meðal Grimmsbræðrum þar sem sagt er frá dvergum sjö og spegli vondu drottningarinnar.

Mjallhvít er fyrsta Disneymyndin sem var gerð um ævintýraprinsessur og er frá árinu 1937. Sagan segir frá ungri prinsessu sem er ofsótt af afbrýðisamri stjúpmóður sinni og leitar skjóls úti í skógi hjá sjö dvergum. Drottningin gefur Mjallhvíti eitruð epli, en prinsinn finnur hana og vekur hana af dvala með kossi.

## RATATOUILLE



**TEGUND OG ÁR:** Teiknimynd, 2007

**LENGD:** 111 MIN

**LAND:** BRETLAND, BANDARÍKIN

**LEIKSTJÓRI:** Brad Bird, Jan Pinkava

**ADALHLUTVERK:** Patton Oswalt, Ian Holm, Lou Romano.

**TUNGUMÁL:** Íslenskt tal

Ratatouille (þýðir á frönsku grænmetiskássa) segir frá unglingsrottunni Remy sem hefur sérlega vel þróað lyktar-skyn og dreymir um að verða meistarakokkur. Fjölskylda hans hefur aðrar áætlanir fyrir hann og skipar honum að þefa uppi rottueitur en Remy kemst bakdyramegin inn á franskt veitingahús og tekst að ná marki sínu eftir ýmsum krókaleiðum. Þótt fjölskyldan ætli honum annað hlutverk, tekst honum með elju og kappsemi að komast áfram á eigin spýtur.

Ratatouille var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og hlaut Óskarsverðlaunin fyrir bestu teiknimyndina. Hún er talin ein af bestu tölvuteiknuðu gamanmyndum sem hafa verið gerðar og ein besta mynd um mat sem hefur verið gerð.

## THE ROSA PARKS STORY



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd byggð á sönnum atburðum, 2002

**LENGD:** 94 mínútur

**LAND:** Bandaríkin

**LEIKSTJÓRI:** Julie Dpash

**LEIKARAR:** Angela Bassett, Cicely Tyson, Peter Francis James, Dexter Scott King

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

Myndin segir frá lífi Rosu Parks, saumakonunnar frá Alabama, en nafn hennar var áberandi í réttindabaráttu svartra í Bandaríkunum á 6. og 7. áratug seinustu aldar eftir að hún neitaði að standa upp fyrir hvítum manni í strætisvagni eins og lög þess tíma kváðu á um.

Þann 1. desember 1955 var hún á leið til vinnu sinnar í strætisvagni Montgomery City Lines og sat í sætum sem voru ætluð fyrir svarta. Þegar bílstjórinn skipaði henni og öðrum blökkumönnum að færa sig fyrir hvítum manni, hlýddu allir nema hún. Lögreglan var kölluð til og Rosa var handtekin, en þessi borgaralega óhlýðni vakti athygli umheimsins á þeirri niðurlægingu og grimmd sem fólst í kynþáttaaðskilnaðinum og í kjölfarið fylgdu mótmæli sem mörkuðu þáttaskil í réttindabaráttunni.

## HRÚTAR



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd, 2015

**LENGD:** 93 mínútur

**LAND:** ÍSLAND

**LEIKSTJÓRI:** Grímur Hákonarson

**ADALHLUTVERK :** Sigurður Sigurjónsson, Jörundur Ragnarsson, Theodór Júlíusson

**TUNGUMÁL:** Íslenska

Hrútar fjallar um tvo sauðfjárþænder á sjötugsaldri, bræðurna Gumma og Kidda, sem búa hlið við hlið í afskekktum dal á Norðurlandi. Fjárstofn þeirra bræðra þykir einn sá besti á landinu og eru þeir margverðlaunaðir fyrir hrútana sína. Þrátt fyrir að deila sama landi og lífsviðurværi þá hafa bræðurnir ekki talast við í fjóra áratugi. Þegar riðuveiki kemur upp á svæðinu er þeim skipað að fella fjárstofninn og þá kemur ýmislegt óvænt í ljós.

Myndin var valin besta myndin í Un Certain Regard flokknnum í kvikmyndahátíðinni á Cannes.

Grímur Hákonarson verður viðstaddur sýninguna og segir frá gerð myndarinnar.

## FANTASTIC MR. FOX



TEGUND OG ÁR: Ævintýramynd, 2009

LENGD: 87 MIN

LAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Wes Anderson

AÐALHLUTVERK: George Clooney, Meryl Streep, Bill Murray.

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Myndin er byggð á skáldsögu eftir breska barnabókarhöfundinn Roald Dahl og segir frá ævintýrum refsins snjalla, Mr. Fox, eiginkonu hans Felicity og átökum hans við nágrannana. Fantastic Mr. Fox er gerð með aðferðum stop-motion tækni.

Anderson hefur mjög sérstakan stíl sem einkennir verk hans. Föt og hárgreiðslur eru áberandi, áhersla er lögð á leikmuni og atriðin eru stílfærð á mjög smekklegan hátt, líkt og um fullkomnarsinna sé að ræða. Myndir hans einkennast af löngum skotum, mjög sterkum litum, íburðarmiklum búningum og sviðsmynd. Hann notar einnig tölvuhönnuð atriði og svokölluð "fuglaskot" sem er ofanskot úr mikilli hæð. Öll þessi atriði verða tekin fyrir og skoðuð í þessari skemmtilegu mynd.



E.T.



**TEGUND OG ÁR:** Vísindaskáldsaga, drama 1982,

**LENGD:** 115 MIN,

**LAND:** Bandaríkin

**LEIKSTJÓRI:** Steven Spielberg

**ADALHLUTVERK:** Henry Thomas, Drew Barrymore, Peter Coyote.

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

E.T. fjallar um samskipti einmana pilts, Elliots, við vinalega geimveru, sem verður viðskila við félagi sína og ílengist á jörðinni. Elliot finnur hana og fer með hana heim til sín. Brátt kemur í ljós að E.T. er ekki aðeins greind geimvera, hún er líka góðhjörтуð og með henni og Elliot tekst sérstæð vinátta. En E.T. vill komast heim og Elliot reynir að hjálpa henni, en þau lenda í vandræðum þegar yfirvöld fréttu af því að geimvera heldur til hjá fjölskyldu Elliot.

E.T. hefur heillað ung sem og gömul hjörту, enda er dýpri boðskapur í henni en við fyrstu sýn. Myndin er ádeila á fordóma gagnvart framandlegu fólki og í henni má finna kristileg tákni eins og upprisuna.

**JAWS**

**ÓKINDIN**



**TEGUND OG ÁR:** Tryllir, 1975

**LENGD:** 124 MIN

**LAND:** BANDARÍKIN

**LEIKSTJÓRI:** Steven Spielberg

**ÁDALHLUTVERK:** Roy Scheider, Richard Dreyfuss, Robert Shaw.

Á áttunda áratugnum var brotið blað í bandarískri kvikmyndagerð þegar glænýjar hrollvekjur litu dagsins ljós. Ókindin var ein þeirra og markar upphafið að þeim nýjungum sem við sjáum í hrollvekjum nútímans, svo og tölvuleikjum.

Myndin gerist á friðsælum strandstað í Bandaríkjunum, Amity-eyju, en uppnám verður innan bæjarfélagsins þegar hvítháfur syndir inn á grynningar og veldur manntjóni. Lögreglustjóri bæjarins (Roy Scheider) fer ásamt haflíffræðingi (Richard Dreyfuss og hvalveiðimanninum Quint (Murray Hamilton) til að ná hvítháfnum.

Myndin varð ein sú alvinsælasta árið 1975 og í kjölfarið komu myndir á borð við The Omen árið 1976 og Star Wars ári síðar. Myndin var fyrst sýnd á skólasýningu árið 2012 við mikinn fögnuð viðtaddra.

## THE THEORY OF EVERYTHING



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd byggð á sönnum atburðum, 2014

**LENGD:** 123 MIN

**LAND:** BRETLAND

**LEIKSTJÓRI:** James Marsh

**AÐALHLUTVERK:** Eddie Redmayne, Felicity Jones, Tom Prior

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

Sönn saga stjarnvísinda- og eðlisfræðingsins Stephens Hawking sem greindist með ólæknandi hrörnunarsjúkdóm ungur að árum og var þá sagt að hann ætti að öllum líkindum bara tvö ár eftir ólifuð. Um leið og myndin segir frá afrekum Stephens á vísindasviðinu fjallar hún að stórum hluta um hjónaband hans og Jane Wilde, en þau kynntust í Cambridge-háskólanum skömmu áður en Stephen fór að finna til sjúkdómsins. Stephen vildi þá ljúka sambandi þeirra enda hélt hann að hann væri dauðadæmdur og yrði bara byrði fyrir Jane, en hún hélt í vonina, neitaði að sleppa og átti síðan eftir að ganga með honum í gegnum súrt og sætt af einstökum dugnaði, elju og æðruleysi.

Jóhann Jóhannsson vann Golden Globe fyrir bestu tónlist og Eddie Redmayne fyrir bestan leik í aðalhlutverki. Redmayne fékk Óskarsverðlaunin sömuleiðis. (Kvikmyndir.is)

## **BILLY ELLIOT**



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd, 2000

**LENGD:** 110 MIN

**LAND:** BRETLAND

**LEIKSTJÓRI:** Stephen Daldry

**ADALHLUTVERK:** Jamie Bell, Julie Walters, Gary Lewis, Jamie Draven

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

**Billy Elliot gerist í Durham árið 1984 á valdatíma Thatcher og segir frá ellefu ára dreng sem verður hrifinn af ballett og þarf að yfirstíga mikla erfiðleika til að láta drauminn verða að veruleika. Billy er sonur ekkjumanns sem er kolanámumaður, en í bakgrunni eru verkföllin miklu til að mótmæla lokun breskra kolanáma. Þrátt fyrir mótmæli og fordóma hvetur ballettkennarinn og einn af skólabræðrum Billy hann til að fara í inntökupróf í Konunglega ballettskólann í London.**

**Unnið er að því að fá fulltrúa frá íslenska dansflokknum til að vera viðstaddan eina til tvær sýningar svo hægt verður að spyrja spurninga á eftir sýninguna.**

## RÓMEO OG JÚLÍA



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd, rómantískt drama, 1996

**LENGD:** 120 MIN

**LAND:** BANDARÍKIN

**LEIKSTJÓRI:** Baz Luhrman

**AÐALHLUTVERK:** Leonardo DiCaprio, Claire Danes, John Leguizamo

**TUNGUMÁL:** Enska með íslenskum texta

Rómeó og Júlía er heimsins frægasta ástarsaga og í þessari mynd eru samtölin beint úr frumtexta Shakespeare, en að öðru leyti er uppfærslan í nútímabúningi, þrungin spennu og hraða. Myndin gerist í Verona Beach þar sem stríðandi fjölskyldur, Montague og Capulet ráða ríkjum. Rómeó og Júlía verða ástfangin í trássi við vilja ættarveldanna.

Leikritið er harmleikur eftir William Shakespeare og fjallar um forboðna ást ungra elskenda og var meðal vinsælustu leikrita hans. Talið er að það hafi verið skrifað á árunum 1591 til 1595. Hér er á ferðinni mynd sem ætti að höfða til unglunga sem geta kynnt sér frægasta verk Shakespeare á aðgengilegan hátt.

Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir listræna stjórnun og vann þrenn BAFTA verðlaun.

## FESTEN



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd, 1998

**LENGD:** 105 MIN

**LAND:** DANMÖRK

**LEIKSTJÓRI:** Thomas Vinterberg

**ÁDALHLUTVERK:** Ulrich Thomsen, Henning Moritzen, Thomas Bo Larsen

**TUNGUMÁL:** Danska með íslenskum texta

Festen fjallar um vandamál í fjölskyldu og þöggun á áleitinn og nærfærinn hátt. Í tilefni af sextugsafmæli Helge (Henning Moritzen) kemur fjölskyldan saman til að halda upp á afmæli hans í kastala. Áhorfandinn kynnist börnum Helge sem hefur farnast misjafnlega í lífinu. Þegar elsti sonur Helge heldur orlagabrunna ræðu kemur sannleikurinn um vel falin leyndarmál í ljós.

Viðstödd sýningu verður Valdís Óskarsdóttir sem er klippari í Hollywood og klippti Festen, en hún hefur m.a. klippt The Eternal Sunshine of the Spotless Mind (2004) og Kindg's Road (2010).

**ÖSTWIND - ZUSAMMEN SIND WIR FREI**

**AUSTANVINDUR - SAMAN VERÐUM VIÐ FRJÁLS**



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd, 2013

**LENGD:** 106 MIN

**LAND:** Þýskaland

**LEIKSTJÓRI:** Katia Von Garnier

**ADALHLUTVERK:** Kristina Magdalena Henn, Lea Schmidbauer

**TUNGUMÁL:** Þýska með íslenskum texta

Östwind er hugljúf fjölskyldumynd sem gerist á þýskum hestabúgarði og segir frá Miku, unglingsstúlku sem er að ganga í gegnum erfiðleika. Foreldrar hennar senda Miku til ömmu hennar sem hún þekkir lítið. Þar er villtur hestur sem enginn ræður við en í ljós kemur að Mika hefur hæfileika til að ná til dýra sem hún vissi ekki um sjálf og óvenju sterk tengsl myndast á milli hennar og hestsins. Myndin hefur hlotið mörg verðlaun og viðurkenninga, þar á meðal Bavarian-verðlaunin 2014 sem besta unglingsmyndin.

HVAÐ ER KVIKMYND?



Saga kvikmyndanna í máli og myndum. Hver var fyrsta kvikmyndin? Grunnþættir kvikmyndalistarinnar útskýrðir, hvað er klipping, hvað er sviðsmynd, hvernig þróaðist kvikmyndataka? Hvað sjáum við í fyrstu myndum kvikmyndasögunnar og hvaða áhrif hafa þær haft á myndir nútímans? Og síðast en ekki síst: Hvernig lesum við kvikmynd?

Farið verður yfir frægustu myndir kvikmyndasögunnar og þær settar í nútímalegt samhengi, allt frá Ferðinni til tunglsins eftir Georges Méliès til Grand Budapest Hotel eftir Wes Anderson. Allt efni er sýnt á glærum og í klipptum myndböndum. Sýnd verða brot úr mörgum af frægustu myndum kvikmyndasögunnar.

Oddný Sen tók saman

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)





## SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 18. JANÚAR – MJALLHVÍT KL. 10:00 – KL. 13:00: RÓMEO OG JÚLÍA

ÞRIÐJUDAGUR 23. JANÚAR – RATATOUILLE KL. 10:00 KL. 13:00: THE ROSA PARKS STORY

ÞRIÐJUDAGUR 30. JANÚAR - HRÚTAR KL 10:00 – KL. 13:00: FANTASTIC MR. FOX

FIMMTUDAGUR 1. FEBRÚAR- E.T. KL. 10:00 KL. 13:00: JAWS

ÞRIÐJUDAGUR 6. FEBRÚAR - THE THEORY OF EVERYTHING KL 10:00 KL. 13:00: FESTEN



## VETRARFRÍ

FIMMTUDAGUR 23. FEBRÚAR – BILLY ELLIOT KL. 10:00 - KL.13:00:  
AUSTANVINDUR

ÞRIÐJUDAGUR 27. FEBRÚAR – RATATOUILLE KL. 10:00 – KL. 13:00: BILLY  
ELLIOT

STOCKFISH HÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS 1. MARS – 11. MARS

ÞRIÐJUDAGUR 6. MARS - JAWS KL. 10:00 – KL. 13:00 FESTEN

ÞRIÐJUDAGUR 13. MARS – FANTASTIC MR. FOX KL. 10:00– KL. 13:00: E.T.

FIMMTUDAGUR 22. MARS – RÓMEO OG JÚLÍA KL. 13:00/ HVAÐ ER  
KVIKMYND KL. 13:00: JAWS

**ÞRIÐJUDAGUR 27. MARS – MJALLHVÍT KL. 10:00 – KL. 13:00: THE THEORY OF EVERYTHING**



**PÁSKAFRÍ**

**ÞRIÐJUDAGUR 3. APRÍL – RATATOUILLE KL. 10:00- KL. 13:00: BILLY ELLIOT**

**BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS**

**FIMMTUDAGUR 12. APRÍL – THE ROSA PARKS STORY KL. 10:00 – KL. 13:00:  
RÓMEÓ OG JÚLÍA**

**ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL – HRÚTAR – KL. 10:00 – KL. 13:00: FANTASTIC MR. FOX**

**FIMMTUDAGUR 26. APRÍL – KL. 10:00 AUSTANVINDUR - KL. 13:00 E.T.**

**Verkefnisstjóri: Oddný Sen**

**Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)**





## KVIKMYNDIR

**MJALLHVÍT** – Ævintýri, teiknimyndir, goðsagnarpersónan Mjallhvít, staðalímyndir í Disneymyndum, 1.-4. bekkur

**RATATOUILLE** – Teiknimynd, matargerðarlist, markmiðasetning, að vera utangarðs, 1.-4 bekkur

**THE ROSA PARKS STORY** – Mannkynssaga, merkar konur, réttindabarátta svartra í Bandaríkjunum á sjötta áratugnum, fordómar, markmiðasetning, 6.-10.bekkur

**HRÚTAR**– Íslensk kvikmyndagerð, sauðfjárrækt, samskipti bræðra, lítið samfélag, riðuveiki, 8.- 10. bekkur

**FANTASTIC MR. FOX** – Ævintýri, tölvuteiknuð mynd, kvikmyndir Wes Anderson, valdabarátta, 3.-5. bekkur

**E.T.** – Kvikmyndir Steven Spielberg, óvenjuleg vinátta, vísindi, fordómar gegn óvenjulegu fólki, trúarleg tákni í kvikmyndum, upprisan, 5.-7. bekkur

**JAWS**– Kvikmyndir Steven Spielberg, bandaríska nýbylgjan á áttunda áratugnum, hákarlar, lítið samfélag, markmiðasetning, bíóklassík, 10. bekkur

**THE THEORY OF EVERYTHING** – Stjarnvísindi, eðlisfræði, Stephen Hawking, hrörnunarsjúkdómur, ástir ungmenna, 8. – 10.

**FESTEN** - Dönsk kvikmyndagerð, samskipti í fjölskyldu, kynferðisofbeldi, klipping í kvikmyndum, dogme, 9.-10.bekkur

**BILLY ELLIOT** - Verkföllin í valdatíð Thatcher, fordómar, samskipti í fjölskyldu, fátækt, ballett, markmiðasetning 6.-8. b.

**RÓMÉÓ OG JÚLÍA** – Shakespeare, enskar bókmenntir, ástir ungmenna, 8.-10.bekkur

**AUSTANVINDUR** – Unglingsárin, hestar, væntingar foreldra, að vera misskilinn, markmiðasetning, hestahvísl, 6.-9. bekkur

**HVAÐ ER KVIKMYND?** Tími í kvikmyndafræði og kvikmyndasögu, hvernig lesum við kvikmyndir, 5.-10. bekkur

